

**60. stjórnarfundur haldinn á Kirkjubæjarklaustri 26. september 2012.**

Fundarmenn úr stjórn: Kristveig Sigurðardóttir formaður, Björn Ármann Ólafsson, Böðvar Pétursson, Elín Heiða Valsdóttir, Rósa Björk Halldórsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Snorri Ingimarsson.

Einnig: Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Frá svæðisráði Vestursvæðis sátu fram að hádegi: Ástvaldur Guðmundsson og Ólafía Jakobsdóttir svo og Snorri Baldursson, þjóðgarðsvörður, og Kári Kristjánsson, aðstoðarþjóðgarðsvörður.

Sigrún Helgadóttir skræði fundargerð.

Fundur hófst kl. 10:30

1. *Samþykki dagskrár* – samþykkt með smá breytingum.

2. *Starfið á Vestursvæði:*

Snorri Baldursson, þjóðgarðsvörður Vestursvæðis, sagði frá starfsemi á svæðinu: Landvarsla, gekk vel í sumar. Kynningar; gönguferðir, kvikmynd, sýning á Klaustri, gestagata í Lakagígum, kort o.fl. Mannvirki og skipulagsmál; m.a. hús í Blágiljum við Lakagíga, aðstöðuhús fyrir landverði, upplýsingaskilti og göngustígar. Aðstaða orðin mjög góð á Lakasvæðinu. Samgöngur; leiðir stikaðar m.a. með aðstoð 4x4. Einnig farnar ferðir til að skoða slóða svæðisins sem merktir eru á kort til að meta ástand þeirra. Ástvaldur sagði frá þeim ferðum. Umræða um vegi og mismunandi flokka þeirra eftir erfiðleikastigi. Mikilvægt er að vinna í slíkri flokkun og merkja vegi í samræmi flokkunina og ná samkomulagi við Vegagerðina. Framtíðaraðstaða við Langasjó - Snorri kynnti hugmyndir um þær. Gestastofa á Klaustri; unnið hefur verið flóðaáhættumat, gólfhæð í 26 m ætti að standast þekkt hlaup Skaftár.

3. *Stjórnunar- og verndaráætlun (S&V);*

3.1 *Verndaráætlun Vestursvæðis og þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri:*

Elín Heiða og Snorri B. kynntu verndaráætlun svæðisins sem er í vinnslu og rædd tillagan sem lögð var fram í vor. Fundarmenn ræddu m.a. bátaumferð á Langasjó, samgöngur, vegi o.fl. Skiptar skoðanir og engar ákvarðanir teknar. Kári lagði til stofnun rýnihóps sem gripi hugmyndir og reyndi að skoða inn í framtíðina og setti fram tillögur t.d. um gönguleiðir og skála. Tillögur svæðisráðs um verndaráætlun Vestursvæðis munu verða tilbúnar fyrir næsta stjórnarfund. Þekkingarsetur – ekki er enn ljóst hvort setrið fær peninga á fjárlögum.

3.2. *Samráð um samgöngur:*

Mikilvægt er að gefa sér tíma, ljúka þeim verkefnum sem liggja fyrir, önnur verða væntanlega að bíða. Ákveðið að fara yfir stöðuna á næsta fundi.

3.3. *Samráð um veiðimál:*

Stjórn frestaði á síðasta fundi afgreiðslu á tillögu svæðisráðs Austursvæðis um fuglaveiðar, þ.e. þá sérreglu svæðisins að seinka upphafi gæsaveiða á Vesturöræfum til 1. september. Nýjar upplýsingar hafa komið fram og málinu vísað aftur til svæðisráðs áður en stjórn tekur ákvörðun.

Ákveðið var að setja á fót tvo vinnuhópa; annars vegar um skráningu á veiði og hins vegar um hreindýraveiðar við markalínur þjóðgarðsins. Skipa þarf í þessa hópa sem fyrst og framkvæmdastjóra falið að koma því verki af stað.

### 3.4. Útsýnisflug.

Rætt um útsýnisflug yfir Þjóðgarðinum; hvort og hvar það sé hugsanlega farið að verða truflandi fyrir gesti Þjóðgarðsins. Þjóðgarðsverðir hafa gefið upp sín sjónarmið. Fundurinn felur þeim og framkvæmdastjóra að fara í gegnum þetta mál og kynna sér reglur og sjónarmið þeirra sem stunda slíkt útsýnisflug. Koma síðan með tillögur um hvort þurfi að setja reglur um útsýnisflug yfir Þjóðgarðinum og þá hverjar þær ættu að vera.

### 3.5 Raflínur, loftlínur, jarðstrengir (raf-, síma- og ljósleiðarar).

Vinna þarf að kortlagningu á raflínur, loftlínur, jarðstrengjum (raf-, síma- og ljósleiðarar) innan marka Þjóðgarðsins, skv. upplýsingum frá eigendum þeirra. Þetta þarf að koma inn í S&V. Einnig þarf að horfa á línulagnir framtíðar – eru einhver svæði innan Þjóðgarðsins sem hugsanlega væri óskað eftir að leggja línur yfir eða um. Kæmi slíkt til greina á einhverjum hluta Þjóðgarðsins og hvar kæmi slíkt alls ekki til greina?

### 3.6. Litlar efnisnámur.

Í S&V þarf að gera ráð fyrir að Þjóðgarðsverðir megi leyfa vinnslu efnis í litlu magni í Þjóðgarðinum til notkunar innan hans.

## 4. Rekstrarmál 2012.

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstraráætlun 2012; 6 mán. uppgjör og 8 mán. gróft uppgjör kynnt og rekstrarstaða pr. 30. júní og gróf niðurstaða pr. 30. ágúst 2012. Tekjur eru að aukast, líklega vegna fleiri ferðamanna, en gjöld hafa líka hækkað. Ekkert bendir til annars en að rekstur verði innan marka í árslok.

## 5. Frumvarp til fjárlaga 2013.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlag til rekstrar (1.01) lækki um 7,1 m.kr. mv. 2012 (vegna aðhaldsmarkmiða). Sértekjukrafa á reksturinn er hækkuð úr 113,3 í 132,3 m.kr. Framlag til framkvæmda (6.41) er 117 m.kr. samanburðartalan árið 2012 var 139,9 m.kr. Formaður mun óska eftir fundi með ráðherra um frumvarpið. Ákveðið að á þeim fundi muni formaður kynna þann vilja stjórnar að Þjóðgarðurinn fái að útfæra hugmyndir um inngangseyri í Þjóðgarðinn. Snæfellsstofa; bókaður var kostnaður á Þjóðgarðinn sem bókhaldslega lítur út fyrir skuld hjá Þjóðgarðinum upp á 140 milljónir. Þessu hefur verið slegið upp á Alþingi og í fjölmiðlum og mikilvægt að leiðrétting komi fram. Best væri líklega að hún kæmi frá ráðherra. Á sínum tíma var áætlun um kostnað vegna S&V 40 milljónir en nú er kostnaður kominn í 29 milljónir framyfir þá upphæð, þar af 12 milljónir vegna samráðs um samgöngur og rannsóknna þeirra vegna. Vonast er eftir leiðréttingu á þessum reikningum í fjárukalögum nú eða fjárlögum næsta árs. Ef þetta kemur ekki í fjárukalögum er þessum vanda velt yfir á næsta ár.

## 6. Sameining stofnana, Vatnajökulshjóðgarður.

Sameining allra náttúruverndarstofnana virðist út af borðinu í bili. Endurskoða á lög um stjórnfyrikkomulag Vatnajökulshjóðgarðs skv. lögum um hann og verður líklega byrjað á því í haust og mun vinnan þá dragast fram á næsta ár. Í tengslum við þá endurskoðun vill formaður ræða staðsetningu starfsstöðvar framkvæmdastjóra Þjóðgarðsins vegna fyrri ákvörðunar stjórnar um að staðsetningin skuli endurskoðuð um sama leyti og stjórnfyrikkomulagið. Framkvæmdastjóri vék af fundi á meðan.

## 7. Fundargerðir svæðisráða.

Umræða um fundargerð svæðisráðs Suðursvæðis frestað til næsta fundar vegna fjarveru Hjalta. Björn tekur til umræðu vegi og vegagerð og ítrekar að Vegagerðin komi að vegagerð í Þjóðgarðinum. Framkvæmdastjóri hefur sent vegamálastjóra formlega ósk um fund með honum og stjórn óskar eftir að vegamálastjóri komi á næsta fund hennar í Reykjavík í október.

## 8. *Atvinnustefna.*

Kynnt drög að nálgun og innihaldi helstu atriða inn í væntanlega atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn. Þórður kynnr minnisblað um málið sem byggir á S&V. Vinna þarf stefnuna í vetur. Í henni felst hvernig þjóðgarðurinn getur stutt atvinnulífið í og við þjóðgarðinn og hvaða kröfur þjóðgarðurinn setur til sinnar starfsemi og annarra sem starfa í þjóðgarðinum.

## 9. *Önnur mál*

### 9.1. *Hollvinasamtökin Vinir Vatnajökuls.*

Samtökin vilja að þjóðgarðurinn sæki formlega um styrki í ákveðin verkefni fyrir árið 2013. Nefndar gestastofurnar í Skaftafelli og í Gömlu-Búð. Mikilvægt er að Vinirnir séu að veita styrki í hugmyndir sem falla að S&V.

### 9.2. *Landsskipulagsstefna 2013-2024.*

Ný skipulagslög tóku gildi 1. janúar 2011. Með lögnum voru í fyrsta skipti hér á landi sett ákvæði um landsskipulagsstefnu en samkvæmt þeim leggur umhverfisráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu til tólf ára innan tveggja ára frá alþingiskosningum. Samkvæmt reglugerð um landsskipulagsstefnu skal í henni setja fram:

- Yfirlit um stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun
- Greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála
- Samræmda stefnu ríkisins um skipulagsmál
- Stefnu um skipulagsmál miðhálandisins

Vatnajökulsþjóðgarður hefur aðkomu að þessari vinnu, fyrst og fremst því sem snýr að miðhálandinu. Snorri Baldursson hefur þegar skrifað athugasemdir við stefnuna og honum og framkvæmdastjóra falið vinna hana frekar og fylgja henni eftir.

### 9.3. *Fundur með stjórn Samút.*

Best væri ef stjórn Samút gæti komið á næsta stjórnarfund sem verður líklega 24. okt. í Rvk.

### 9.4. *Skýli fyrir senda Neyðarlínunnar á Grímsfjalli.*

Gögn hafa verið send til stjórnarmanna og svæðisráð Vestursvæðis hefur rætt framkvæmdina. Framkvæmdastjóra og þjóðgarðsverði Vestursvæðis falið að athuga hvort aflu þurfi einhverra leyfa til staðsetningar þessa mannvirkis. Síðan er það tillaga stjórnar að uppsetning, frágangur og staðsetning skýlisins verði gerð í samráði við Jöklarannsóknafélagið og þjóðgarðsvörð.

### 9.5. *Utanvegaakstur.*

Ræddar aðgerðir og samvinna við aðra vegna þessa vandamáls: Bæta merkingar, auka kynningu m.a. í framhaldsskólum og vera með betri upplýsingar í Norrænu og í bílaleigubílum. Best væri að fólk fengi kynningu um lög og reglur varðandi utanvegaakstur og afleiðingar hans t.d. með því að horfa á kynningarmyndband. Síðan þyrfti fólk að skrifa undir yfirlýsingu um að það vissi að utanvegaakstur væri bannaður á Íslandi.

### 9.6. *IPA-styrkir.*

Þórður nefnir að nú sé verið að opna fyrir umsóknir um þessa styrki sem eru stórir styrkir frá Evrópusambandinu. Stungið upp á að lagðar yrðu inn umsóknir fyrir m.a. stígagerð, vistvæn salerni, orkulausnir á hálandinu o.fl. Þórður vinnur umsóknirnar áfram.

### 9.7. *Þjóðlendur.*

Sigrún nefndi að mikilvægt væri að fá fund með forsætisráðherra vegna þjóðlendna innan þjóðgarðsins og næst honum. Óeðlilegt er annað en að þjóðgarðurinn hafi ákvörðunarvald um framkvæmdir innan þjóðgarðsins en þurfi ekki að sækja um leyfi til slíkra til forsætisráðuneytisins ef um þjóðlendur er að ræða eins og nú mun vera raunin.

*9.8 Tengsl við Náttúruvinnuáskrif Íslands.*

Formaður kynnti lauslega hugmyndir Hjörleifs, þjóðgarðsvarðar á Norðursvæði, en markmið Náttúruvinnuáskrif og Vatnajökulsþjóðgarðs fara að mörgu leyti saman. Formaður mun ræða við ráðherra um möguleika á samstarfi stofnananna.

*10. Næstu stjórnarfundir*

24. október og 28. nóvember og enginn fundur í desember.

Fundi lauk kl.18.